

Betri Reykjavík
Hugmynd frá samráðsvef
31. júlí 2015

Heiti erindis: **Hvað gerir líf okkar einfaldara og þægilegra?**
Málaflokkur: Stjórnsýsla
Viðtakandi erindis: Stjórnkerfis- og lýðræðisráð
Efst í málaflokknum: Já
Meðal fimm efstu : Nei

Fjöldi með hugmynd: 2	Fjöldi á móti hugmynd: 0
-----------------------	--------------------------

Lýsing: Mér þætti óskaplega vænt um að borgarfulltrúar og allir sem vinna hjá borginni hefðu eftirfarandi leiðarljós í fyrsta sæti þegar vinna eigi verk í þágu okkar allra: Gerum lífið einfaldara!

Rök með hugmynd: <i>Gerum líf okkar þægilegra</i> Mér þætti óskaplega vænt um að borgarfulltrúar og allir sem vinna hjá borginni hefðu eftirfarandi leiðarljós í fyrsta sæti þegar vinna eigi verk í þágu okkar allra: Gerum lífið einfaldara! Það er of mikið um að haft sé vit fyrir okkur. Til dæmis þegar búa á til nýjan gangstíg, athugið þá hvar fólk vill hafa stíginn, ekki hvar ódýrt og þægilegt er fyrir verktakafyrirtækið að leggja stíginn. Hugsið málin út frá fólkinu sem mun nota aðstöðuna, ekki hvernig þið viljið að fólk noti hana.	Rök gegn hugmynd:
---	-------------------

Umræður notenda:

1. Dæmi: Næstum við hverja stoppistöð er troðningur sem fólk myndar - gangstígurinn er venjulega aðeins fjær. Skoðið bara Klamratún og troðningana þar. Við nánast hvert einasta horn sem er lagt í 90°horn, er kominn troðningur í sveig.
2. Það er svo djúp hugsun í þessu, en lítið efni